



# FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM SUMARIÐ 2010

Íris Hrund Halldórsdóttir  
og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

RANNSÓKNA- OG FRÆÐASETUR Á VESTFJÖRÐUM

# 1 EFNISYFIRLIT

2	MYNDASKRÁ.....	iv
3	TÖFLUSKRÁ.....	v
4	HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....	vii
5	INNGANGUR .....	1
6	FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM 2010 .....	2
6.1	HVERNIG FERÐAMENN KOMA TIL VESTFJARÐA.....	2
	Þjóðerni og búseta.....	2
	Kyn og aldur.....	4
	Atvinna og menntun.....	5
	Tekjur.....	7
	Endurkomugestir .....	7
	Ástæða heimsóknar til Vestfjarða .....	9
	Hverju er mikilvægt að kynnast á Vestfjörðum.....	11
	Áhugasvið ferðamanna á Vestfjörðum.....	13
6.2	SKIPULAG FERÐAR OG UPPLÝSINGAÖFLUN .....	15
	Hvað er langt síðan ákveðið var að koma til Vestfjarða .....	15
	Hvaðan kom hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða.....	16
	Hvar ferðamenn fengu upplýsingar um Vestfirði .....	18
	Hvaða upplýsingaveita reyndist best.....	19
	Hvernig gekk að afla upplýsinga áður og eftir að komið var til Vestfjarða.....	20
	Er upplifun í samræmi við upplýsingagjöf .....	21
6.3	FERÐAHEGDUN.....	22
	Viðkomustaðir á Vestfjörðum .....	22
	Ferðamáti .....	24
	Hvað eru margir að ferðast saman .....	25
	Með hverjum er ferðast .....	26
	Lengd ferðar .....	26
	Gisting ferðamanna á Vestfjörðum .....	28
	Hvaða afþreying eða þjónusta var nýtt .....	29
	Leiðsögumenn á Vestfjörðum .....	31
6.4	UPPLIFUN OG ÁNÆGJA.....	32

Munu ferðamenn mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað og hafa þeir áhuga á að koma aftur .....	32
Ánægja með þjónustu .....	34
Vantar afþreyingu á Vestfjörðum .....	35
7 FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM 2008-2010 .....	37
7.1 ERLENDIR FERÐAMENN .....	37
Hvernig ferðamenn koma til Vestfjarða .....	37
Skipulag ferðar og upplýsingaöflun .....	41
Ferðahegðun .....	44
Upplifun og ánægja .....	50
7.2 ÍSLENSKIR FERÐAMENN .....	51
Hvernig ferðamenn koma til Vestfjarða .....	51
Skipulag ferðar og upplýsingaöflun .....	55
Ferðahegðun .....	57
Upplifun og ánægja .....	63
8 HEIMILDIR .....	65
9 VIÐAUKI 1. LÝSITÖLUR .....	66
10 VIÐAUKI 2. ÞÝSKIR LISTAR .....	68

## 2 MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna .....	2
Mynd 2. Búseta íslenskra ferðamanna .....	3
Mynd 3. Þjóðerni erlendra ferðamanna.....	4
Mynd 4. Kyn þátttakenda .....	4
Mynd 5. Aldursskipting þátttakenda .....	5
Mynd 6. Atvinna þátttakenda .....	6
Mynd 7. Menntun ferðamanna .....	6
Mynd 8. Tekjur heimilisins fyrir skatta .....	7
Mynd 9. Hlutfall svarenda sem segjast hafa komið áður til Vestfjarða/Íslands.....	8
Mynd 10. Ef þú hefur komið áður til Vestfjarða hversu oft hefur þú komið?.....	8
Mynd 11. Af þeim erlendu ferðamönnum sem höfðu komið áður til Íslands hversu oft höfðu þeir komið til Íslands.....	9
Mynd 12. Helsta ástæða ferðar til Vestfjarða .....	10
Mynd 13. Hversu mikilvægt er fyrir þig að kynnast eftirfarandi þáttum á ferð þinni um Vestfirði? ...	12
Mynd 14. Áhugasvið þátttakenda. ....	14
Mynd 15. Tími síðan ákvörðunin um að heimsækja Vestfirði var tekin .....	15
Mynd 16. Hvaðan kom hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða? .....	17
Mynd 17. Hvaðan voru upplýsingar fengnar um Vestfirði áður en lagt var af stað. ....	18
Mynd 18. Hvaða upplýsingaveita reyndist best. ....	20
Mynd 19. Hvernig gekk að finna upplýsingar um Vestfirði a) áður og b) eftir komu á Vestfirði? .....	21
Mynd 20. Var upplifun þín á Vestfjörðum í samræmi við upplýsingar. ....	21
Mynd 21. Áfangastaðir ferðamanna á ferð sinni um Vestfirði. ....	23
Mynd 22. Ferðamáti. ....	25
Mynd 23. Hve margir eru að ferðast saman.....	25
Mynd 24. Með hverjum er ferðast. ....	26
Mynd 25. Lengd ferðar á Vestfjörðum. ....	27
Mynd 26. Lengd ferðar á Vestfjörðum borið saman við heildarlengd ferðar. ....	28
Mynd 27. Gisting ferðamanna á Vestfjörðum.....	28
Mynd 28. Meðalfjöldi náttu á gististað.....	29
Mynd 29. Hvaða þjónustu eða afþreyingu höfðu ferðamenn eða ætluðu þeir sér að nota á Vestfjörðum.....	30
Mynd 30. Er ferðast með leiðsögumanni. ....	32
Mynd 31. Hefur viðkomandi áhuga á að koma aftur til Vestfjarða og mun hann mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað. ....	33
Mynd 32. Einkunnargjöf fyrir þjónustu .....	35
Mynd 33. Vantar afþreyingu á Vestfjörðum?.....	36
Mynd 34. Hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna .....	66
Mynd 35. Veður þegar spurningalistum var svarað .....	66
Mynd 36. Svörun spurningalista eftir svæðum. ....	67
Mynd 37. Svörun spurningalista eftir mánuðum.....	67

### 3 TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Hvort viðkomandi hefur áður komið til Vestfjarða. Greint niður í kyn og aldur. ....	9
Tafla 2. Helsta ástæða ferðar til Vestfjarða. Greint niður í kyn og aldur.....	11
Tafla 3. Mikilvægt að kynnast. Greint niður í kyn og aldur. Tölur sýna meðaleinkunn hvers hóps....	13
Tafla 4. Áhugasvið greint niður í kyn og aldur. Tölur tákna fjölda einstaklinga. ....	14
Tafla 5. Lengd síðan ákvörðun var tekin. Greint eftir kyni og aldri. Tölur tákna fjölda einstaklinga...	16
Tafla 6. Hvaðan hugmyndin kom um ferðalag til Vestfjarða. Greint niður í kyn og aldur.....	17
Tafla 7. Hvaðan upplýsingar voru fengnar. Greint niður í kyn og aldur. ....	19
Tafla 8. Hvaða þjónustu eða afþreyingu hafa eða ætla ferðamenn að nota. Greint niður í kyn og aldur. ....	31
Tafla 9. Hvort viðkomandi hafi áhuga á að koma til Vestfjarða aftur. Greint eftir kyni og aldri. ....	33
Tafla 10. Mun viðkomandi mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað. Greint niður í kyn og aldur. ....	34
Tafla 11. Þjóðernir erlendra ferðamanna .....	37
Tafla 12. Aldur erlendra ferðamanna .....	38
Tafla 13. Meðalaldur erlendra ferðamanna .....	38
Tafla 14. Atvinna erlendra ferðamanna .....	38
Tafla 15. Menntun erlendra ferðamanna.....	38
Tafla 16. Tekjur erlendra ferðamanna á heimili pr. mánuð. ....	39
Tafla 17. Hafa erlendir ferðamenn komið áður til Vestfjarða / Íslands ? .....	39
Tafla 18. Hve oft hafa þeir komið áður til Vestfjarða? .....	39
Tafla 19. Hve oft hafa þeir komið áður til Íslands?.....	39
Tafla 20. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Vestfjarða .....	40
Tafla 21. Mikilvægi þess að kynnast ýmsum þáttum á Vestfjörðum.....	40
Tafla 22. Áhugasvið erlendra ferðamanna .....	41
Tafla 23. Lengd síðan ákvörðun var tekin um ferðalag til Vestfjarða .....	41
Tafla 24. Hvaða hugmyndin kom um ferðalag til Vestfjarða .....	42
Tafla 25. Hvaðan erlendir ferðamenn fengu upplýsingar um Vestfirði .....	42
Tafla 26. Hvaða upplýsingaveita reyndist best .....	43
Tafla 27. Hvernig gekk erlendum ferðamönnum að afla upplýsinga áður en komið var á Vestfirði....	43
Tafla 28. Hvernig gekk erlendum ferðamönnum að afla upplýsinga eftir að komið var á Vestfirði. ...	43
Tafla 29. Var upplifun erlendra ferðamanna í samræmi við upplýsingagjöf .....	44
Tafla 30. Viðkomustaðir erlendra ferðamanna á Vestfjörðum. ....	45
Tafla 31. Ferðamáti erlendra ferðamanna .....	46
Tafla 32. Hvað eru margir að ferðast saman í hóp .....	46
Tafla 33. Með hverjum eru erlendir ferðamenn að ferðast .....	46
Tafla 34. Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Vestfjörðum og Íslandi .....	47
Tafla 35. Lengd ferðar erlendra ferðamanna á Vestfjörðum .....	47
Tafla 36. Lengd ferðar erlendu ferðamanna á Íslandi. ....	47
Tafla 37. Gisting íslenskra ferðamanna á Vestfjörðum .....	48
Tafla 38. Meðaldvalarlengd á hverjum gististað .....	48

Tafla 39. Hvaða afþreyingu eða þjónustu nýta erlendir ferðamenn sér .....	49
Tafla 40. Nýta erlendir ferðamenn sér leiðsögumenn í ferð sinni um Vestfirði.....	49
Tafla 41. Þeir erlendu ferðamenn sem ferðast með leiðsögumanni. Hvort nota þeir innlendan eða erlendan leiðsögumann.....	49
Tafla 42. Hafa erlendir ferðamenn áhuga á að koma aftur til Vestfjarða .....	50
Tafla 43. Munu erlendir ferðamenn mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað þegar heim er komið.....	50
Tafla 44. Ánægja erlendra ferðamanna með ýmsa þjónustu á Vestfjörðum .....	50
Tafla 45. Finnst erlendum ferðamönnum vanta afþreyingu á Vestfjörðum .....	51
Tafla 46. Búseta íslenskra ferðamanna .....	51
Tafla 47. Aldur íslenskra ferðamanna.....	51
Tafla 48. Meðalaldur íslenskra ferðamanna.....	52
Tafla 49. Atvinna íslenskra ferðamanna .....	52
Tafla 50. Menntun íslenskra ferðamanna .....	52
Tafla 51. Tekjur íslenskra ferðamanna á heimili pr. mánuð .....	53
Tafla 52. Hafa íslenskir ferðamenn komið áður til Vestfjarða .....	53
Tafla 53. Hve oft hafa þeir komið til Vestfjarða áður .....	53
Tafla 54. Helsta ástæða heimsóknar til Vestfjarða.....	54
Tafla 55. Mikilvægi þess að kynnast ýmsum þáttum á Vestfjörðum.....	54
Tafla 56. Áhugasvið íslenskra ferðamanna.....	55
Tafla 57. Lengd síðan ákvörðun var tekin um ferðalag til Vestfjarða.....	55
Tafla 58. Hvaðan hugmyndin kom um ferðalag til Vestfjarða.....	55
Tafla 59. Hvaðan íslenskir ferðamenn fengu upplýsingar um Vestfirði .....	56
Tafla 60. Hvaða upplýsingaveita reyndist best.....	56
Tafla 61. Hvernig gekk íslenskum ferðamönnum að afla upplýsinga áður en komið var á Vestfirði ...	57
Tafla 62. Hvernig gekk íslenskum ferðamönnum að afla sér upplýsinga um Vestfirði eftir að komið var á staðinn .....	57
Tafla 63. Er upplifun íslenskra ferðamanna í samræmi við upplýsingagjöf.....	57
Tafla 64. Viðkomustaðir íslenskra ferðamanna á Vestfjörðum .....	58
Tafla 65. Ferðamáti íslenskra ferðamanna .....	59
Tafla 66. Hvað eru margir að ferðast saman í hóp .....	59
Tafla 67. Með hverjum eru íslenskir ferðamenn að ferðast.....	60
Tafla 68. Meðaldvalarlengd íslenskra ferðamanna á Vestfjörðum .....	60
Tafla 69. Lengd ferðar íslenskra ferðamanna á Vestfjörðum .....	60
Tafla 70. Lengd ferðar íslenskra ferðamanna í heildina .....	61
Tafla 71. Gisting íslenskra ferðamanna á Vestfjörðum .....	61
Tafla 72. Meðaldvalarlengd á hverjum stað fyrir sig .....	61
Tafla 73. Hvaða afþreyingu eða þjónustu nýta íslenskir ferðamenn sér.....	62
Tafla 74. Nýta íslenskir ferðamenn sér leiðsögumann á ferð sinni um Vestfirði.....	62
Tafla 75. Hafa íslenskir ferðamenn áhuga á að koma aftur til Vestfjarða .....	63
Tafla 76. Munu íslenskir ferðamenn mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað þegar heim er komið.....	63
Tafla 77. Ánægja íslenskra ferðamanna með ýmsa þjónustu á Vestfjörðum.....	63
Tafla 78. Finnst íslenskum ferðamönnum vanta afþreyingu á Vestfjörðum .....	64

## 4 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Hvernig ferðamenn koma til Vestfjarða?

Hinn hefðbundni erlenda ferðamanni sem kemur til Vestfjarða er mjög líklega þjóðverji á aldrinum 26-35, hefur klárað framhaldsnám í háskóla og vinnur sem sérfræðingur (í sérfræðistarfi). Helstu áhugamálin eru umhverfisvernd og útivist og er ekki með mjög háar tekjur.

Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem sækja Vestfirði heim koma frá mið-vestur Evrópu (Þýskaland, Frakkland, Sviss, Bretland, Austurríki, Holland). Norðurlandabúar eru færri. Fæstir af þeim erlendu ferðamönnum sem ferðast um Vestfirði hafa gert það áður. Helsta ástæða heimsóknar er náttúran, sem hinum hefðbundna ferðamanni finnst mjög mikilvægt að kynna. Útivist ásamt hvíld og afslöppun eru líka algengar ástæður heimsóknar.

Hefðbundinn íslenskur ferðamaður sem kemur til Vestfjarða er á aldrinum 26-55 og hefur mjög líklega lokið a.m.k. fyrstu háskólagráðu. Hann vinnur líklega sem sérfræðingur og býr á Höfuðborgarsvæðinu. Þeir íslensku ferðamenn sem leggja leið sína til Vestfjarða hafa mjög líklega komið áður, þá í 2-6 skipti. Helsta ástæða þeirra fyrir ferð til Vestfjarða er náttúran á svæðinu og hvíld og afslöppun og helstu áhugamálin eru útivera / útivist.

- Hvernig er ferðahegðun þeirra sem ferðast um Vestfirði þ.e. hvernig ferðast þeir, hvert fara þeir og hvaða þjónustu nýta þeir?

Flestir erlendu ferðamanna fara á Ísafjörð í ferð sinni um Vestfirði ásamt því að heimsækja suðursvæði Vestfjarða og þar eru Dynjandi, Látrabjarg, Brjánslækur og Patreksfjörður mjög líklegir áfangastaðir. Meiri en helmingur líkur eru á því að erlendi ferðamaðurinn ferðast um á bílaleigubíl. Hann er í tveggja til fjögurra manna hóp og ferðast með maka, ættingjum eða vinum um Vestfirði í tvo til fjóra daga. Hann gistir helst á tjaldsvæðum, hótelum eða gistiheimilum. Er ferðin um Vestfirði oftast hluti af tveggja til þriggja vikna ferðalagi um Ísland. Sú afþreying sem erlendir ferðamenn eru líklegastir til að nýta sér er að fara í stutta eins dags gönguferð og fuglaskoðun. Sú þjónusta sem er hvað helst nýtt af erlendum ferðamönnum eru bátsferðir, farið á söfn og sýningar, matsölustaði og matvöruverslanir. Sund er líka algeng afþreying.

Mjög líklegt er að þeir íslensku ferðamenn sem ferðast til Vestfjarða komi á einkabíl í tveggja til fjögurra manna hóp með maka og/eða fjölskyldu. Hefðbundni íslenski ferðamaðurinn fer á Suðursvæði Vestfjarða þar sem þeir heimsækja Látrabjarg, Patreksfjörð, Bjarkarlund, Tálknafjörð eða Bíldudal. Þeir ferðast um Vestfirði í 2-4 daga og gista aðallega á tjaldsvæðum eða hjá fjölskyldu og vinum. Sú afþreying eða þjónusta sem þeir nýta sér er að fara í sund, söfn og sýningar, dagsgönguferð, matsölustaði og matvöruverslanir. Þeir ferðast ekki með leiðsögumanni.

- Hvernig er skipulagi og upplýsingaöflun ferðamannanna háttað og hve vel nýtast þær upplýsingaveitur?

Erlendu ferðamennirnir eru líklegir til að ákveða ferðina á Vestfirði með 1-3 mánaða fyrirvara og hugmyndina um ferðina hafa þeir hvað helst fengið úr ferðahandbókum og/eða frá fjölskyldu og vinum. Til að afla sér upplýsinga um Vestfirði er oftast leitað í bæklinga og handbækur og síðan er farið á internetið. Ferðamenn eru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengu úr bæklingunum og handbókunum og töldu það hafa verið auðvelt að afla upplýsinga um Vestfirði bæði fyrir og eftir að komið var til Vestfjarða. Þó voru aðeins fleiri sem fannst erfitt að afla upplýsinga fyrir ferð en á svæðinu. Upplifun erlendra ferðamanna af Vestfjörðum er yfirleitt í samræmi við væntingar.

Íslenskir ferðamenn taka ákvörðun um að ferðast til Vestfjarða með 1-3 eða 6-12 mánaða fyrirvara og kom hugmyndin um ferðalagið oftast frá fjölskyldu og vinum. Íslensku ferðamennirnir fengu upplýsingar um Vestfirði hjá vinum og ættingjum en margir leituðu líka upplýsinga í bæklingum og handbókum. Vel gekk að finna upplýsingar um svæðið bæði áður og eftir að komið var á Vestfirði þó töldu íslenskir ferðamenn að það væri aðeins erfiðara að fá upplýsingar eftir að komið var á Vestfirði. Upplifun íslenskra ferðamanna af svæðinu er í samræmi við þær upplýsingar sem þeir höfðu fengið.

- Hver er upplifun ferðamanna af ferðalagi sínu um Vestfirði og af Vestfjörðum?

Erlendir sem og íslenskir ferðamenn hafa áhuga á að koma til Vestfjarða aftur og myndu mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað. Báðir hóparnir telja ekki þurfa meiri afþreyingu á Vestfjörðum.



## 5 INNGANGUR

Hér eru raktar niðurstöður könnunar á ferðamönnum sem komu á Vestfirði sumarið 2010. Að verkefninu stóðu Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Markaðsstofa Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Framkvæmd könnunarinnar árið 2010 var á þann hátt að Atvinnuþróunarfélagið sá um dreifingu könnunarinnar og kom henni fyrir á upplýsingamiðstöðinni á Hólmavík og Ísafirði, ferðaþjónustufyrirtækinu Borea Adventures, í Breiðafjarðarferjunni Baldri, Kaffi Norðurfirði, Hótel Flókalundi, Hótel Ísafirði og Eddu hótelinu Ísafirði. Farþegar skemmtiferðaskipa og börn yngri en 18 ára voru ekki með í þessari könnun

Könnunin er endurtekin frá árinu 2008 og 2009, en þá stóðu sömu aðilar að verkefninu. Samanburð á milli áranna má finna í kafla 7.

Rannsóknin var gerð í þeim tilgangi að fá mynd af nokkrum grundvallarþáttum sem nauðsynlegt er að hafa í huga við skipulag og uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Leitast var við að svara eftirfarandi spurningum.

- Hvernig ferðamenn koma til Vestfjarða?
- Hvernig er ferðahegðun þeirra sem ferðast um Vestfirði þ.e. hvernig ferðast þeir, hvert fara þeir og hvaða þjónustu nýta þeir?
- Hvernig er skipulagi og upplýsingaöflun ferðamannanna háttáð og hve vel nýtast þær upplýsingaveitur?
- Hver er upplifun ferðamanna af ferðalagi sínu um Vestfirði og af Vestfjörðum?

Könnunin gefur mynd af því hvernig ferðamenn koma til Vestfjarða, hvar þeir eru líklegir til að leita sér upplýsinga og hverju þeir hafa helst áhuga á að kynnast eða upplifa á ferð sinni um Vestfirði. Þá er leitast við að skýra hvaða þættir hafa helst áhrif á ánægju ferðamannanna. Vonast er til að nýta megi niðurstöður þessarar könnunar til að greina styrkleika Vestfjarða sem ferðamannastaðar, skilgreina möguleika í kynningu svæðisins og greina frekari möguleika á uppbyggingu afþreyingar og þjónustu fyrir ferðamenn.


## 6 FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM 2010

### 6.1 HVERNIG FERÐAMENN KOMA TIL VESTFJARÐA


Kenningar ferðamálafræðinnar gera ráð fyrir því að áfangastaðir ferðamanna þróist á ákveðinn hátt (Butler, 2006). Til að fá mynd af því hvernig ferðamenn koma til Vestfjarða var safnað grunnupplýsingum um kyn, aldur, búsetu/þjóðerni, atvinnu, menntun tekjur o.fl. og lögð fyrir spurning um áhugasvið svarenda.

#### Þjóðerni og búseta

Fimmtungur þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru búsettir á Íslandi, eða 41 einstaklingur (mynd 1). Flestir voru frá höfuðborgarsvæðinu eða 83% (mynd 2). Frá Vesturlandi voru 6% þeirra sem svöruðu, önnur 6% frá Suðurlandi og 3% voru frá Norðurlandi eystra. Enginn var frá Suðurnesjum, Austurlandi né Norðurlandi Vestra.



Mynd 1. Hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna




Mynd 2. Búseta íslenskra ferðamanna

Af þeim 161 erlenda ferðamanni sem svaraði til um þjóðerni voru flestir frá Þýskalandi<sup>1</sup> eða 31% (sjá mynd 3), og er það í samræmi við niðurstöður annarra kannana sem sýna að Þjóðverjar eru stærsti einstaki hópur erlendra ferðamanna sem sækja Vestfirði heim (Hagstofa Íslands, 2009). Frakkar voru næst algengastir eða 12% þeirra sem svöruðu, Austurríkismenn eru þriðji stærsti hópurinn með 11% og Bretar sá fjórði eða 10% af þeim erlendu ferðamönnum sem svöruðu könnuninni. Alls voru svarendur frá 21 landi utan Íslands.

---


<sup>1</sup> Í lok sumars kom í ljós að vitlaus spurningalisti á þýsku hafði farið út. Sem gerir það að verkum að ekki var hægt að nota þýsku listana í stórum hluta könnunarinnar. Nánari útlistun um þýsku listana má sjá í Viðauka 2.



Mynd 3. Þjóðerni erlendra ferðamanna

## Kyn og aldur


Karlar voru í litlum meirihluta hjá íslensku ferðamönnum eða 56% og konur 44%. Öfugt var farið hjá þeim erlendu þar sem konur voru í meirihluta eða 56% og 44% voru karlar.



Mynd 4. Kyn þátttakenda

Aldursdreifingin var frá 19 til 74 ár. Aldursdreifing var svipuð á milli íslensku og erlendu ferðamanna. Hjá þeim íslensku var hún frá 19 til 66 en hjá þeim erlendu var hún 19 til 74. Flestir íslensku ferðamanna voru á aldrinum 46-55 ár eða 32%, þar á eftir koma aldursbilin 26-35 og 36-45 með 24,3 % hvort. Hjá erlendu ferðamönnum voru flestir á aldursbilinu 26-35 eða rétt tæp 30%


þeirra sem svöruðu og þar á eftir kom aldursbilið 36-45 með 20%. Meðalaldur svarenda var 38,95 ár hjá Íslendingunum og 40,12 hjá þeim erlendu.



Mynd 5. Aldursskipting þátttakenda


## Atvinna og menntun

Flestir erlendu ferðamannanna voru í *sérfræðistarf* eða 22%, þar á eftir kom *skrifstofu- eða þjónustustarf*, 14%. Í þriðja sæti með 13% voru *nemendur* og einnig „kennarar“. Taka skal fram að möguleikinn „kennari“ var ekki gefinn fyrirfram heldur voru það margir sem skrifuðu það í opna möguleikann *annað*. Hjá íslensku ferðamönnum var líkt og hjá þeim erlendu, *sérfræðistarf* algengast eða 33%, *skrifstofu eða þjónustustarf* þar á eftir (21%) og *nemendur* þriðja fjölmennastir (15%) (mynd 6). Átta prósent þeirra erlendu merktu við *annað*, þar fengu þeir tækifæri til að lýsa nánar sínu starfi. Þar var nefnt til að mynda (auk kennara eins og kemur fram að ofan) læknar, sjálfstætt starfandi, útgefandi, blaðamenn, smiður, vísindamaður og fleira.



Mynd 6. Atvinna þátttakenda


Á mynd 7 má sjá að erlendir ferðamenn voru að jafnaði með meiri menntun en Íslendingar. Rúmur helmingur erlendu ferðamannanna, 54% höfðu lokið framhaldsnámi í háskóla á móti 33% þeirra íslensku. Var þetta algengasti flokkurinn hjá báðum hópum. Þar á eftir komu þeir sem höfðu lokið stúdentsprófi eða 18% erlendu ferðamannanna og 28% íslensku.



Mynd 7. Menntun ferðamanna

## Tekjur


Af þeim sem svöruðu spurningunni um heimilistekjur (168 af 210) merktu flestir íslensku ferðamannanna eða 36% við næst hæsta tekjuflokkinn, *651.000 til 850.000* á mánuði. Þar á eftir voru 21% sem merktu við hæsta tekjuflokkinn *850.000 og hærra* á mánuði. Aðeins 9% íslensku ferðamannanna voru í lægsta tekjuflokknum *250.000 á mánuði eða lægra*. Tekjudreifing erlendu ferðamannanna var mun jafnari. Fjórðungur merktu við næst lægsta flokkinn, *251.000 – 450.000* á mánuði sem var algengastur, og þar á eftir merktu 23% við tekjuflokkinn *451.000 – 850.000* og 21% merktu við lægsta og hæsta tekjuflokkinn, *250.000 eða lægra* og *850.000 og hærra* á mánuði. Fæstir erlendu ferðamannanna voru í næst hæsta tekjuflokknum *651.000 til 850.000*.



Mynd 8. Tekjur heimilisins fyrir skatta


## Endurkomugestir

Ferðamenn voru spurðir hvort þeir hefðu komið til Vestfjarða áður (mynd 9) og þeir erlendu voru einnig spurðir um hvort þeir hafi komið til Íslands áður til að kanna hvort að Vestfirðir eru að jafnaðu hluti af fyrstu Íslandsferð. Tólf prósent erlendu ferðamannanna höfðu komið til Vestfjarða áður og 37% höfðu komið til Íslands áður. Íslensku ferðamennirnir höfðu í 78% tilfella komið áður á Vestfirði.



Mynd 9. Hlutfall svarenda sem segjast hafa komið áður til Vestfjarða/Íslands<sup>2</sup>

Af þeim 12% erlendu ferðamönnum sem höfðu komið áður til Vestfjarða höfðu flestir komið *einu sinni* áður. Nokkrir höfðu komið oft (mynd 10). Flestir íslensku ferðamanna höfðu komið í *fjögur til sex* skipti áður eða 32%.




Mynd 10. Ef þú hefur komið áður til Vestfjarða hversu oft hefur þú komið?

<sup>2</sup> Ástæða fyrir því að það eru mun fleiri sem svara spurningunni um hvort viðkomandi hafi komið áður til Íslands er sú að spurninguna um hvort viðkomandi hafi komið til Vestfjarða áður vantaði meðal annarra spurninga í þýsku listana þetta árið. (sjá nánar í [neðanmálsqrein 1](#))



Á mynd 11 má sjá að flestir þeirra erlendu ferðamanna sem höfðu komið áður til Íslands höfðu aðeins komið í eitt skipti (59%). Í *tvö til þrjú skipti* áður höfðu 29% komið. Áhugavert er að 8% þeirra erlendu ferðamanna sem hafa komið áður til Íslands höfðu komið oftar en sjö sinnum til landsins.



Mynd 11. Af þeim erlendu ferðamönnum sem höfðu komið áður til Íslands hversu oft höfðu þeir komið til Íslands

Þegar ferðamenn á Vestfjörðum eru greindir eftir kyni og aldri sjáum við bæði hjá íslenskum og erlendum ferðamönnum hafa yngri aldurshóparnir síður komið til Vestfjarða áður en ekki munur á endurkomu eftir kyni (tafla 1).

Tafla 1. Hvort viðkomandi hefur áður komið til Vestfjarða. Greint niður í kyn og aldur. Tölur tákna fjölda einstaklinga.


		Kyn		Aldurshópur					
		kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>
Ísl	Nei	7	2	0	4	0	5	0	0
	Já	15	15	2	3	9	10	3	1
Erl	Nei	43	55	18	26	17	20	14	2
	Já	6	7	2	3	3	4	0	1

## Ástæða heimsóknar til Vestfjarða

Ferðamenn voru spurðir um helstu ástæðu fyrir heimsókn á Vestfirði en gefnir voru 12 fyrirfram ákveðnir flokkar. Merkjja mátti við fleiri en einn valmöguleika en einnig var hægt að velja flokkinn *annað*. Hjá erlendu ferðamönnum var helsta ástæða heimsóknar til Vestfjarða *náttúran* eða í 65% tilfella. Þar á eftir var *hvíld og afslöppun* (48%) og *útvíst* (46%). Hjá þeim íslensku voru sömu

ástæður algengastar nema röðunin var önnur. *Hvöld og afslöppun* var algengasti flokkurinn (58%), *náttúran* í því öðru (50%) og *útivist* í því þriðja (33%) (sjá mynd 12).

Við hluta af valmöguleikunum var boðið upp á að koma með nánari skýringar á ástæðum ferðarinnar. Höfðu svarendur þá tækifæri á að taka fram t.d. hvernig útivist var stunduð, hvort það væri einhver sérstakur staður í tengslum við náttúruna, ákveðinn menningarviðburður o.fl. Undir valmöguleikanum *náttúra* var „Látrabjarg“, „Hornbjarg“ og „Hornstrandir“ oftast tekið fram. Annað sem mátti sjá oftast en einu sinni voru „firðir“, „Rauðisandur“ og „Dyjandi“. Mörg fleiri dæmi voru nefnd. Margir gáfu einnig nánari skýringar undir flokkinum *útivist* var þar oftast nefnt „gönguferðir“. „Tjaldútilega“ var einnig algeng, en annað sem var nefnt var „kajak“, „dýra- og fuglalíf“, „ljósmyndun“, „hjólreiðar“ og „útreiðar“. Fáir töldu helstu ástæðuna fyrir heimsókn til Vestfjarða vera *menningarviðburður* og enn færri þar sem nýttu sér möguleikann að útskýra nánar hvaða menningarviðburður verið var að sækja. Þó var nefnt „kjötsúpuferð“, „aldrei fór ég suður“ og „Sjómanna dagur á Patreksfirði“. Í *söfn og menningarminjar* voru einnig fáir sem nýttu sér möguleikann að útskýra nánar hvaða söfn eða menningarminjar þeir voru að sækja. Ósvör var nefnt í tvö skipti. Hnjótur, Sauðlauksdalur og byggðasafn Vestfjarða var nefnt í eitt skipti hvert. Undir *annað* var nefnt t.a.m. „einangrun/einsemd“, „brúðkaupsferð“, „frí með fjölskyldunni“.



Mynd 12. Helsta ástæða ferðar til Vestfjarða

Lítill munur er á helstu ástæðu ferðar til Vestfjarða eftir kyni og aldri (tafla 2). Hjá báðum kynjum íslenskra ferðamanna og í flestum aldurshópum er *hvíld og afslöppun* algengasta ástæða ferðar til Vestfjarða. Þó er það aldurshópurinn 26-35 sem telur *náttúru* Vestfjarða vera helstu ástæðu ferðar til Vestfjarða og aldurshópurinn 56-65 segja helstu ástæðuna vera *heimsókn til vina og ættingja*. Hjá erlendu ferðamönnum er alveg saman hvaða aldurshóp horft er til eða hvort kynið, *náttúran* er alltaf helsta ástæða ferðar til Vestfjarða.


**Tafla 2. Helsta ástæða ferðar til Vestfjarða. Greint niður í kyn og aldur**  
Tölur tákna fjölda einstaklinga.

	Kyn		Aldurshópur						
	kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>	
Íslendingar	Sjóstangveiði	0	1	0	0	1	0	0	0
	Vinna	1	1	0	1	0	1	0	0
	Hvíld og afslöppun	12	10	2	3	9	7	0	1
	Heimsókn til vina og ættingja	4	3	1	0	1	3	2	0
	Vildi tilbreytingu	1	2	0	0	1	1	0	1
	Hafði komið áður	5	6	0	0	6	4	1	0
	Útivist	8	3	1	2	2	3	0	1
	Menningarviðburðir	1	1	0	0	1	1	0	0
	Söfn og menningarminjar	1	0	0	0	1	0	0	0
	Íþróttaviðburðir	0	0	0	0	0	0	0	0
	Náttúra	11	8	1	5	5	6	1	1
	Annað	1	0	0	0	1	0	0	0
Útlendingar	Sjóstangveiði	1	0	0	0	0	0	1	0
	Vinna	2	1	2	0	1	0	0	0
	Hvíld og afslöppun	19	33	9	14	8	12	7	1
	Heimsókn til vina og ættingja	1	4	0	2	2	1	0	0
	Vildi tilbreytingu	7	11	5	4	4	4	1	0
	Hafði komið áður	3	5	0	2	1	4	1	0
	Útivist	22	29	11	14	8	9	8	1
	Menningarviðburðir	1	1	0	0	1	1	0	0
	Söfn og menningarminjar	2	2	0	2	0	2	0	0
	Íþróttaviðburðir	0	3	1	0	0	2	0	0
	Náttúra	31	42	12	21	12	16	9	3
	Annað	5	4	2	1	3	2	1	0

## Hverju er mikilvægt að kynnst á Vestfjörðum

Þátttakendur voru beðnir um að gefa því einkunn hvað þeim fannst mikilvægt að kynnst á Vestfjörðum. Gefnir voru 6 flokkar og var einkunnargjöfin frá einum upp í tíu þar sem einn jafngildir

alls ekki mikilvægt og tíu jafngildir mjög mikilvægt. Mikilvægast var hjá báðum hópunum að kynnast náttúru Vestfjarða. Erlendir ferðamenn gáfu flokknum að meðaltali 9,41 og íslendingar 8,58 í einkunn. Þar á eftir hjá þeim erlendu var mikilvægast að kynnast heimamönnum (7,16) og í þriðja var menning Vestfjarða (7), síðan daglegt líf heimamanna (6,65) og saga Vestfjarða (6,54). Minnst mikilvægast hjá þeim erlendu var að kynnast atvinnulífi Vestfjarða (4,68). Röðunin hjá þeim íslensku var svipuð nema mikilvægara var að kynnast sögu Vestfjarða (7,2 á móti 6,54 hjá erlendu) og að kynnast heimamönnum var ekki eins mikilvægt eins og hjá þeim erlendu (4,88 á móti 7,16). Hæstu einkunn fékk náttúran (8,58), þar á eftir sagan (7,2), menningin (6,38) og daglegt líf heimamanna (5,59). Heimamenn (4,88) og atvinnulíf reka lestina(4,65).



Mynd 13. Hversu mikilvægt er fyrir þig að kynnast eftirfarandi þáttum á ferð þinni um Vestfirði?


Ef við greinum svör niður í kyn og aldurshópa (sjá töflu 3) sjáum við að hjá báðum kynjum í öllum aldurshópum, bæði hjá íslensku og erlendu ferðamönnum er það náttúra Vestfjarða sem þykir mikilvægast að kynnast. Er það þó tvær undantekningar í yngsta og elsta aldurshópnum hjá erlendu ferðamönnum.

Tafla 3. Mikilvægt að kynnast. Greint niður í kyn og aldur. Tölur sýna meðaleinkunn hvers hóps.

	Kyn		Aldurshópur						
	kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>	
Íslenskir ferðamenn	Náttúru Vestfjarða	8,45	8,69	9,50	8,29	9,11	8,71	9,33	8,00
	Heimamönnum	5,32	4,13	4,50	4,86	6,33	3,64	7,33	6,00
	Daglegu lífi heimamanna	5,67	5,25	7,00	6,14	6,75	4,07	7,00	8,00
	Menningu Vestfjarða	6,33	6,24	7,50	5,86	7,44	5,50	8,67	7,00
	Sögu Vestfjarða	6,68	7,59	7,00	6,43	8,22	7,33	7,00	8,00
	Atvinnulífi Vestfjarða	4,68	4,38	3,50	5,43	5,78	3,14	6,67	6,00
Erlendir ferðamenn	Náttúru Vestfjarða	9,45	9,38	9,14	7,76	7,25	7,67	7,15	5,30
	Heimamönnum	6,94	7,34	9,62	7,24	6,83	6,72	6,45	4,31
	Daglegu lífi heimamanna	6,28	6,92	9,00	7,11	6,78	7,22	6,94	4,78
	Menningu Vestfjarða	6,70	7,22	9,68	6,91	5,91	6,50	5,87	3,76
	Sögu Vestfjarða	6,47	6,65	9,43	6,54	6,69	6,77	6,31	6,00
	Atvinnulífi Vestfjarða	4,76	4,64	9,33	6,33	3,67	7,00	7,00	3,67

### Áhugasvið ferðamanna á Vestfjörðum

Til þess að fá betri mynd af þeim ferðamönnum sem koma til Vestfjarða voru þeir spurðir um áhugamál. Gefnir voru fyrirfram ellefu flokkar þar sem þeir áttu að segja hvort þeir hefðu *mjög mikinn*, *frekar mikinn*, *lítinn* eða *mjög lítinn* áhuga á þeim flokkum. Hér að neðan eru hlutfall þeirra sem höfðu *mjög mikinn* eða *frekar mikinn* áhuga á þeim þáttum sem settir voru fram. Hjá erlendu ferðamönnum voru *útivera/útvíst* (96%) og *umhverfisvernd* (95%) algengustu áhugamálin. *Ljósmyndun* (88%) og *sjálfbær ferðamennska* (81%) voru einnig vinsæl áhugamál. Fæstir erlendu ferðamennirnir höfðu áhuga á hestum (40%). Hjá íslensku ferðamönnum var *útivera/útvíst* (84%) einnig vinsælasta áhugamálið en þar á eftir kom *tónlist* (74%), *umhverfisvernd* (72%) og *menning og listir* (71%). Meiri en helmingur hafði *ljósmyndun* sem áhugamál (63%). Aðrir flokkar voru minni og höfðu fæstir íslenskir ferðamenn áhuga á *hestum* (28%) og *fuglaskoðun* (28%).



Mynd 14. Áhugasvið þátttakenda.

Ef við greinum svörin niður í kyn og aldur sjáum við ekki mikinn mun á milli kynja. Hjá báðum kynjum og flest öllum aldurshópum er helsta áhugasviðið *útivera/útvist*.

Tafla 4. Áhugasvið greint niður í kyn og aldur. Tölur tákna fjölda einstaklinga.

	Kyn		Aldurshópur						
	kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>	
Íslendingar	Umhverfisvernd	16	12	2	6	7	10	2	1
	Íþróttir	12	5	1	6	4	4	0	0
	Útivera/útvist	17	15	2	6	7	12	2	1
	Fuglaskoðun	5	6	1	0	5	3	1	1
	Hestar	4	7	1	0	3	4	2	1
	Ljósmyndun	13	11	2	5	7	7	2	1
	Menning og listir	15	12	2	3	7	10	2	1
	Veiði	9	6	2	6	4	2	0	0
	Félagsmál	5	7	0	3	4	4	1	0
	Sjálfbær ferðamennska	8	11	1	4	7	5	0	1
	Tónlist	16	13	2	5	7	10	2	1


Útlendingar	Umhverfisvernd	69	88	25	47	33	25	18	7
	Íþróttir	44	50	17	29	20	12	11	4
	Útivera/útvíst	71	90	26	48	32	27	18	8
	Fuglaskoðun	47	61	11	28	23	21	15	8
	Hestar	22	45	13	18	18	9	6	2
	Ljósmyndun	13	11	25	41	29	24	18	7
	Menning og listir	51	66	14	35	25	21	15	6
	Veiði	57	51	12	39	22	17	12	5
	Félagsmál	49	61	16	38	22	18	11	4
	Sjálfbær ferðamennska	57	78	22	42	26	18	17	8
	Tónlist	53	71	22	36	26	18	5	5

## 6.2 SKIPULAG FERÐAR OG UPPLÝSINGAÖFLUN

Annar hluti spurningalistans fjallaði um upplýsingasöfnun. Þar var meðal annars spurt hvaðan hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða kom, hvaðan upplýsingar voru fengnar og hvaða upplýsingaveitur reyndust bestar. Spurt var um hvernig gekk að finna upplýsingar um Vestfirði, sem og hvort að upplifun svarenda af svæðinu væri í samræmi við þær upplýsingar. Þekking á upplýsingaöflun þeirra ferðamanna sem koma til Vestfjarða, bæði hvar þeir leita sér upplýsinga og hvenær, er mikilvæg til að hægt sé að koma upplýsingum og auglýsingum til ferðamanna á skilvirkan hátt.

### Hvað er langt síðan ákveðið var að koma til Vestfjarða

Spurt var hve langt var síðan ferðamennirnir hefðu ákveðið að fara á Vestfirði. Hjá erlendu ferðamönnum tóku flestir þá ákvörðun um að ferðast til Vestfjarða með þremur til sex mánaða fyrirvara (27,3%). Hjá íslensku ferðamönnum tóku flestir ákvörðunina með 6-12 mánaða fyrirvara, eða 22%. Ekki kemur á óvart að fleiri innlendir ferðamenn tóku ákvörðunina um ferð til Vestfjarða með töluvert stuttum fyrirvara en tæp 19,5% tóku ákvörðunina með minna en sjö daga fyrirvara á móti 7,3% þeirra erlendu.



Mynd 15. Tími síðan ákvörðunin um að heimsækja Vestfirði var tekin

Þegar ferðaákvörðun er skoðuð með tilliti til kyns og aldurs í töflu 5 má sjá hjá erlendum ferðamönnum að eftir því eldri sem ferðamaðurinn er því meiri líkur eru á því að hann taki ákvörðun um ferðalag til Vestfjarða með lengri fyrirvara. Ef við skoðum greiningu niður í kyn sjáum við að karlar taka ákvörðun ferðalag með lengri fyrirvara en konur hjá bæði íslenskum og erlendum heimamönnum. En flestir íslensku karlmennirnir taka ákvörðunina með 6-12 mánaða fyrirvara en konurnar taka flestar ákvörðunina með 7 daga fyrirvara eða minna. Flestir erlendu karlmennirnir taka ákvörðunina með þriggja til 12 mánaða fyrirvara en flestar konurnar taka ákvörðunina með eins til þriggja mánaða fyrirvara.


Tafla 5. Lengd síðan ákvörðun var tekin. Greint eftir kyni og aldri. Tölur tákna fjölda einstaklinga.

		Kyn		Aldurshópur					
		kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>
Íslendingar	<7 dagar	3	5	1	-	2	3	-	-
	1-4 vikur	3	3	1	-	3	2	2	-
	1-3 mánuðir	5	3	-	2	2	3	3	-
	3-6 mánuðir	1	3	-	-	1	2	2	-
	6-12 mánuðir	7	1	-	5	1	2	2	-
	Meira en 1 ár	3	2	-	-	-	3	3	1
Útlendingar	<7 dagar	3	5	4	3	-	1	-	-
	1-4 vikur	4	5	5	2	-	1	1	-
	1-3 mánuðir	9	18	5	9	6	5	1	1
	3-6 mánuðir	14	16	3	6	9	6	5	-
	6-12 mánuðir	14	11	2	8	3	5	6	1
	Meira en 1 ár	4	5	-	1	2	4	1	1

## Hvaðan kom hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða

Ferðamenn voru spurðir um hvaða hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða kom og gefnir voru 6 flokkar þar sem einn valmöguleikinn *annað* var opinn ef ekkert annað átti við. Merktu margir við fleiri en einn flokk. Langflestir íslensku ferðamannanna fengu hugmyndina um ferðalag til Vestfjarða hjá *fjölskyldu og vinum* eða 88%. Þar á eftir voru 15% innlendir ferðamenn sem nefndu annað. Ekkert kom þar fram oftár en eitt skipti, en þar mátti sjá t.a.m. ætterni“, „vinnuskipti“, „forvitni“ og „hafði komið áður og langaði að koma aftur“. Enginn íslenskur ferðamaður fékk hugmynd um ferðalag til Vestfjarða frá ferðaskrifstofu né fréttum. Hjá þeim erlendu voru flestir sem merktu við opna flokkinn *annað* eða 38%. Þar á eftir fengu flestir hugmyndina um heimsókn til Vestfjarða frá *fjölskyldu og vinum* eða 35%. Undir opna möguleikanum *annað* hjá erlendu ferðamönnum voru flestir sem töluðu um bækur hverskonar; „ferðahandbækur“, „bækur“ og voru nokkrir sem tiltóku sérstaklega „Lonley Planet“ ferðahandbókina, einn tók fram „Routard“ ferðahandbókin og annar nefndi „ljósmyndabók“. Nokkrir tóku fram að þeir „höfðu komið áður og langaði að koma aftur“. Önnur atriði voru nefnd sjaldnar eins t.d. „sjálfbóðaliðar fyrir Seed“ og „orðspor“. Mun fleiri atriði voru nefnd og þá í eitt skipti.





Mynd 16. Hvaðan kom hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða?

Ef greint er niður í kyn og aldur hvaðan hugmyndin kom um ferðalag til Vestfjarða sjáum við að hjá öllum aldurshópum hjá íslensku ferðamönnum er hugmyndin um ferðalag til Vestfjarða fengin frá fjölskyldu og vinum. Hjá erlendu ferðamönnum skiptist það á milli fjölskyldna og vina og svo frá öðru.


Tafla 6. Hvaðan hugmyndin kom um ferðalag til Vestfjarða. Greint niður í kyn og aldur. Tölur tákna fjölda einstaklinga.

		Kyn		Aldurshópur					
		kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>
Íslendingar	Frá fjölskyldu/vinum	19	15	2	7	8	12	2	1
	Kynningarefni um svæðið	2	0	0	0	1	1	0	0
	Ferðaskrifstofu	0	0	0	0	0	0	0	0
	Fréttum	0	0	0	0	0	0	0	0
	Internetinu	1	0	0	0	0	1	0	0
	Öðru	2	20	1	0	1	3	1	0
Erlendingar	Frá fjölskyldu/vinum	18	21	11	5	10	7	5	0
	Kynningarefni um svæðið	1	5	1	1	1	2	0	1
	Ferðaskrifstofu	5	3	0	1	0	3	4	0
	Fréttum	1	3	2	1	0	0	1	0
	Internetinu	10	17	4	11	5	4	2	1
	Öðru	4	23	7	16	5	8	5	2

## Hvar ferðamenn fengu upplýsingar um Vestfirði

Flestir innlendir sem og erlendir ferðamenn öfluðu sér upplýsinga um Vestfirði. Flestir innlendu ferðamannanna fengu upplýsingar hjá *vinum og ættingjum* eða 59%, og þar á eftir fengu flestir upplýsingar af *internetinu* eða 39%. Erlendir ferðamenn hins vegar notuðu hvað helst *bæklinga og handbækur* (69%) til að afla sér upplýsinga um Vestfirði og var það mun algengara en að nota *internetið*, sem kom þar á eftir (44%). Alls 20% íslensku ferðamannanna safnaði ekki upplýsingum og 12% þeirra erlendu (mynd 17).

Voru þeir ferðamenn sem töldu sína upplýsingaveitu vera *internetið* beðnir um að útlista hvaða síðu þeir hefðu notað. Hjá Íslendingunum var engin síða algengari en önnur. Þær síður sem nefndar voru eru hornbjargsviti.is, vestfirdir.is, vedur.is gisting.com, vest.is, ísafjörður.is, westfjords.is og google.is. Hjá þeim erlendu ferðamönnum sem tóku fram hvaða heimasíður þeir leituðu upplýsinga, var heimasíðan Westfjords.is algengust, þar á eftir kom heimasíða Lonely planet. West tours fylgdi í kjölfarið og isafjordur.is. Aðrar heimasíður voru nefndar í eitt skipti, til að mynda; google.com, visiticeland.com, randburg, outdoorseiten.net, geo.de, isafold.de, wikipedia, heimur.is, nat.is, www.losvijaeros.com.



Mynd 17. Hvaðan voru upplýsingar fengnar um Vestfirði áður en lagt var af stað.

Ef greint er hvaða upplýsingar voru fengnar niður í kyn og aldur sjáum við svipaðar niðurstöður hjá báðum kynjum og í öllum aldurshópum. Hjá erlendu ferðamönnum fengu flestir upplýsingar um Vestfirði úr *bæklingum og handbókum* ef frá er talinn elsti aldurshópurinn þar sem tveir af þeim


þemur í þeim aldurshópi sóttu sér ekki upplýsingar. Hjá Íslendingunum fengu flestir upplýsingar hjá *vinum og ættingjum*. Yngsti aldurshópurinn sótti sér ekki upplýsingar og þeir sem voru eldri en 56 ár sóttu flestir sér upplýsingar í *bæklinga og handbækur*.

**Tafla 7. Hvaðan upplýsingar voru fengnar. Greint niður í kyn og aldur.**  
Tölur tákna fjölda einstaklinga.

		Kyn		Aldurshópur					
		kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>
Íslendingar	Safnaði ekki upplýsingum	3	5	2	0	0	3	1	0
	Vinum og ættingjum	14	9	0	5	8	9	1	0
	Ferðaskrifst. í heimalandi	0	0	0	0	0	0	0	0
	Ferðamálstofu	0	0	0	0	0	0	0	0
	Íslenskum ferðaskr.	0	0	0	0	0	0	0	0
	Upplýsingamiðstöð	5	0	0	2	2	1	0	0
	Ferðapj. á Vestfjörðum	0	2	0	0	2	0	0	0
	Flugfélagi	0	0	0	0	0	0	0	0
	Bæklingum/handbókum	9	5	0	2	4	5	2	1
	Interneti	11	4	0	5	4	5	0	1
	Annars staðar frá	3	0	0	1	0	1	0	1
Útlendingar	Safnaði ekki upplýsingum	7	7	5	1	1	2	3	2
	Vinum og ættingjum	12	17	6	5	10	4	3	0
	Ferðaskrifst. í heimalandi	7	4	0	0	4	3	4	0
	Ferðamálstofu	4	4	1	2	0	5	0	0
	Íslenskum ferðaskr.	2	0	0	1	0	0	1	0
	Upplýsingamiðstöð	4	8	2	5	2	1	2	0
	Ferðapj. á Vestfjörðum	0	1	0	1	0	0	0	0
	Flugfélagi	1	0	1	0	0	0	0	0
	Bæklingum/handbókum	32	45	16	26	13	14	6	1
	Interneti	19	30	4	16	10	13	5	0
	Annars staðar frá	1	6	1	0	2	2	1	1

## Hvaða upplýsingaveita reyndist best


Í framhaldi af spurningunni um upplýsingaveitur voru ferðamennirnir spurðir hvaða upplýsingaveita reyndist best. Þar nefndu erlendir ferðamenn helst *bæklinga og handbækur* eða 55%. Flestir íslensku ferðamennirnir nefndu *vini og ættingja* sem bestu upplýsingaveituna eða 42%.



Mynd 18. Hvaða upplýsingaveita reyndist best.

### Hvernig gekk að afla upplýsinga áður og eftir að komið var til Vestfjarða


Þeir ferðamenn sem öfluðu sér upplýsinga um Vestfirði voru spurðir hvernig þeim fannst að finna upplýsingar fyrir og eftir að þeir komu á svæðið. Flestir voru á því að nokkuð eða mjög auðvelt hafi verið að nálgast upplýsingar. Þó voru um 13% erlendra ferðamanna sem töldu það hafa verið mjög eða nokkuð erfitt að nálgast upplýsingar áður en þeir komu á svæðið. Ekki var samband á milli einstakra þjóðerna og erfiðleika við upplýsingaöflun þannig að ástæðan er varla sú að það skorti upplýsingar á ákveðnum tungumálum.



Mynd 19. Hvernig gekk að finna upplýsingar um Vestfirði a) áður og b) eftir komu á Vestfirði?

### Er upplifun í samræmi við upplýsingagjöf

Ferðamenn voru spurðir hvort að upplifun þeirra af Vestfjörðum væri (eða hefði verið) í samræmi við þær upplýsingar sem þeir fengu um svæðið. Voru flestir ferðamenn mjög eða nokkuð sammála því að upplýsingarnar hefðu verið í samræmi við upplýsingar eða 87,1% erlendu ferðamannanna og 96,6% þeirra íslensku.




Mynd 20. Var upplifun þín á Vestfjörðum í samræmi við upplýsingar.

### 6.3 FERÐAHEGÐUN

Í eftirfarandi kafla eru teknar saman niðurstöður um ferðahegðun ferðamanna á Vestfjörðum. Hér er m.a. fjallað um viðkomustaði á ferðinni, hvaða þjónusta eða afþreying var nýtt, ferðamáta og gistingu. Með hverjum var ferðast og hve lengi var ferðast á Vestfjörðum.

#### Viðkomustaðir á Vestfjörðum

Ferðamenn voru beðnir um að merkja við fyrirfram skilgreinda staði á Vestfjörðum, hvort þeir hafi eða hafi ætlað sér að koma á þá á ferð sinni um Vestfirði. Flestir erlendu ferðamannanna koma við á Ísafirði (81%). Þar á eftir koma staðirnir Hólmavík (68%) , Dynjandi (60,5%), Brjánslækur (59,9%) og Þingeyri (56,5%). Flestir íslensku ferðamannanna stoppuðu á Norðurfirði (61%) og Hólmavík (61%). Þar á eftir komu Patreksfjörður (58,3%), Brjánslækur (55,6%), Látrabjarg (50%) og Bjarkalundur (50%).



Mynd 21. Áfangastaðir ferðamanna á ferð sinni um Vestfirði.

### Ferðamunstur

Ferðamunstur voru margskonar. Skilgreiningar á algengustu leiðum ferðamanna eru eftirfarandi:

*Vestfjarðahringur* þar sem komið er inná Vestfirði í gegnum Hólmavík og farið út í gegnum Brjánslæk (mismunandi hvort farið er með Baldri eða keyrandi) eða þá komið er inn á Vestfirði á Brjánslæk og farið út í gegnum Hólmavík. Ísafjörður og nágrenni er heimsótt og einnig suðursvæði Vestfjarða svo sem Látrabjarg, Patreksfjörður, Bíldudalur.

*Lítill Vestfjarðahringur*, er eins og hinn stóri Vestfjarðahringur nema að keyrt er á milli Dynjanda og Flókalundar án þess að fara lengra inn á *suðursvæðið*.

*Suðursvæðishringur* er þar sem flestir áfangastaðir á suðursvæði Vestfjarða eru heimsóttir. T.d. Látrabjarg, Rauðisandur, Patreksfjörður, Bíldudalur og fleiri staðir.

*Strandir*, þegar ferðamaðurinn heimsækir einhvern af eftirfarandi stöðum Borðeyri, Drangnes, Djúpavík, Norðurfjörð eða Reykjafjörð.


*Norðursvæði*, þegar farið er bara á norðanverða Vestfirði. Reykjanes, Vigur, Súðavík, Ísafjörður, Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri, Svalvogar eða Þingeyri heimsótt.

Algengasta ferðamunstrið hjá erlendu ferðamönnum var að fara einungis *Vestfjarðahringinn* en hann fóru rétt tæplega 30% þeirra sem svöruðu. Þar á eftir var algengast að fara *Vestfjarðahringinn* og *Strandirnar* en þá leið fóru um 20% þeirra sem svöruðu. Um 7% fóru *lítinn Vestfjarðahring* og 6% fóru bara á *Strandirnar* og 6% fóru *Vestfjarðahring*, *Hornstrandir* og einnig *strandirnar*. Rúm 4% fóru bara *suðursvæðishring* og önnur sjö fóru *Vestfjarðahringinn* ásamt því að fara á *Hornstrandir*. Rúm 3% fóru *lítinn Vestfjarðahring* ásamt því að fara á *Hornstrandir*, önnur þrjú prósent fóru *lítinn hring* um *norðursvæðið* og ein þrjú í viðbót fóru hring um *norðursvæðið* og *Hornstrandir*. Mörg önnur ferðamunstur mátti sjá en voru þau ekki jafn algeng. Dæmi um sjaldgæfari ferðamunstur voru *suðursvæðið* og *Strandir*, *lítill Vestfjarðahringur* og *Strandir*, bara Ísafjörður og Hornstrandir. Hjá Íslendingunum voru algengustu ferðamunstrin *suðursvæðishringur* (23%) og svo *Vestfjarðahringur* og *Strandirnar* (23%). Ferð eingöngu á *Strandir* var einnig nokkuð algeng (19%) og einnig bara *Vestfjarðahringur* (13%). Önnur ferðamunstur mátti sjá en voru ekki algeng.

### Ferðamáti

Þegar spurt var um ferðamáta kom í ljós að 95% íslensku ferðamanna voru á einkabíl. Þeir Íslendingar sem merktu við annað (10%) tiltóku „ferju“ og „gangandi“. Flestir erlendu ferðamanna voru á bílaleigubíl eða um 53%. Um 23% erlendu ferðamanna ferðuðust á einkabílum og 12% ferðuðust með áætlunarferðum. Um 10% af erlendu ferðamönnum nýttu sér annarskonar ferðamáta t.d. flugvél, gangandi, bát, skútu og ferju. Margir nýttu tækifærið og merktu við fleiri en einn ferðamáta.






Mynd 22. Ferðamáti.

### Hvað eru margir að ferðast saman


Flestir þeirra ferðamanna sem tók þátt í könnuninni voru ferðast í tveggja til fjögurra manna hópum. Alls voru það 73,4% erlendu ferðamanna og 61% íslensku. Voru nokkrir erlendu ferðamanna í stærri hóp en tíu og var þar stærsti hópurinn 36 manna hópur. Hjá íslensku ferðamönnum var stærsti hópurinn 8 manna hópur.



Mynd 23. Hve margir eru að ferðast saman.

## Með hverjum er ferðast


Flestir erlendu ferðamanna voru að ferðast með sínum *maka* eða í 38,6% tilfella. *Ættingjar og vinir* komu þar á eftir í 24,7% tilfella. Hjá íslensku ferðamönnum voru 40% að ferðast með *fjölskyldunni* og 22,5% að ferðast með *ættingjum og vinum*. Þar fylgdu fast á eftir þeir sem ferðuðust bara með *maka*, eða í 20% tilfella.



Mynd 24. Með hverjum er ferðast.


## Lengd ferðar

Ferðamenn voru spurðir um hve marga daga þeir ætluðu að ferðast um Vestfirði. Flestir erlendir sem innlendir ferðamenn voru að ferðast á Vestfjörðum í tvo til fjóra daga eða 57,5% þeirra erlendu og 48,8% þeirra innlendu. Tæp 25% erlendra ferðamanna voru að ferðast um Vestfirði frá fimm til sjö dögum og 22% íslenskra ferðamanna. Stór hópur íslenskra ferðamanna eða 24,4% var að ferðast um Vestfirði frá átta til tíu dögum á móti 7,1% þerra erlendu.



Mynd 25. Lengd ferðar á Vestfjörðum.


Erlendir ferðamenn voru frekar spurðir um heildarlengd ferðar á Íslandi til að komast að því hvort að ferðalagið um Vestfirði væri hluti af lengri ferð um Ísland. Í flestum tilfellum var ferðalag erlendra ferðamanna á Vestfirði hluti af lengra ferðalagi. Flestir voru að ferðast um Ísland í *tvær til þrjár vikur* eða 54,9%. Næst algengast var að ferðast um Ísland í *þrjár vikur eða lengur* en það voru um 26%. Íslenskir ferðamenn voru einnig spurðir að því hve langt ferðalag þeirra væri í heildina. Í flestum tilfellum var ferðin um Vestfirði ekki hluti af stærra ferðalagi og voru flestir á ferðalagi í *tvo til fjóra daga* eða 42,1% og 23,7% voru að ferðast í heildina í *fimm til sjö daga*.



Mynd 26. Lengd ferðar á Vestfjörðum borið saman við heildarlengd ferðar.


### Gisting ferðamanna á Vestfjörðum

Ferðamenn voru spurðir um hvernig þeir gistu á Vestfjörðum og í hve marga daga á hverjum þeirra. Voru gefnir fyrirfram 6 flokkar. Einn flokkur var opinn þar sem þeir sem töldu þá möguleika sem fyrir hendi ekki nægjanlega gátu lýst gistingunni nánar. Flestir íslensku ferðamannanna gistu á tjaldsvæði eða 33% , þar á eftir voru 21% sem gistu á hóteli og 16% á gistiheimili. Erlendu ferðamennirnir gistu hins vegar flestir á hótélum eða 30%, 27% á tjaldsvæði og 26% á gistiheimili.



Mynd 27. Gisting ferðamanna á Vestfjörðum.

Við sjáum á mynd 28 að erlendir ferðamenn eru að meðaltali að gista lengur en íslenskir ferðamenn á hverjum stað ef frá eru talin tjaldsvæðin og gistiheimilin en þar eru meðalgistinætur erlendra og innlendra ferðamanna svipaðar. Vakin skal athygli á því að sumarhús/leiguhúsnæði var ekki fyrirframgefin möguleiki en þó nokkrir töldu hann fram undir opna möguleikanum *annað*. Íslenskir ferðamenn gista á hótélum að meðaltali í rétt tæpar tvær nætur en erlendir ferðamenn í tæpan sólahring lengur eða 2,69. Erlendir ferðamenn gista einnig sólahring lengur hjá fjölskyldu og vinum eða í 5 nætur á móti 4 nóttum íslenskra ferðamanna. Í bændagistingu gistu erlendir ferðamenn í tæpar fjórar nætur en íslenskir í rúmar tvær. Á tjaldsvæðum gistu ferðamenn, bæði innlendir og erlendir í svipaðan tíma eða í rétt rúmar fjórar nætur. Margir íslenskir ferðamenn bættu við sumarhús undir *annað* og því er þeim möguleika bætt við hér á mynd 28 og þar má sjá að íslenskir ferðamenn gista að meðaltali í 4,6 nætur í sumarhúsi. Við sjáum að undir *annað* eru töluvert margar nætur en þar eru tiltölulega fáir einstaklingar sem gista lengi. Undir *annað* var nefnt t.d. „skúta“, „svefnpokagisting“ og „farfuglaheimili“.




Mynd 28. Meðalfjöldi náttu á gististað.

### Hvaða afþreying eða þjónusta var nýtt

Ferðamenn voru spurðir hvaða afþreyingu eða þjónustu þeir ætluðu eða hefðu nýtt sér á ferðalagi sínu um Vestfirði. Gefnir voru fyrirfram 17 flokkar og þar af einn flokkur, *annað*, sem var opinn. Flestir erlendir ferðamenn ætluðu að fara í stutta gönguferð (60%) og í fuglaskoðun (50%). Þriðja algengasta afþreyingin/þjónustan sem erlendir ferðamenn ætluðu að nýta sér voru matvöruverslanir (45%), matsölustaðir (45%) og bátsferðir (45%). Af íslensku ferðamönnum ætluðu 76% þeirra að fara í sund, 71% að nýta sér matsölustaði og 66% matvöruverslanir. Alls 17% íslensku

ferðamannanna merktu við opna möguleikann *annað*. Var þar algengast að nefna að viðkomandi hafi nýtt sér tjaldsvæði.



Mynd 29. Hvaða þjónusta eða afþreyingu höfðu ferðamenn eða ætluðu þeir sér að nota á Vestfjörðum.


Ef við greinum hvaða þjónusta eða afþreying var nýtt niður í kyn og aldur sjáum við að íslenskir karlar ætla flestir að nýta sér matsölustaði en íslenskar konur ætla flestar að fara í sund. Ef við skoðum aldurshópana sjáum við að flestir aldurshópar ætla að fara í *sund* og nýta sér *matsölustaði*. Hjá erlendu ferðamönnum var vinsælast hjá körlum að fara í *fuglaskoðun* en hjá konum að fara í *stutta gönguferð*. Ef við skoðum aldurshópa sjáum við að vinsælast var hjá yngri aldurshópnum var að fara í *stutta eins dags gönguferð*. Hjá eldri aldurshópnum var vinsælast að nýta sér *bátsferð*.

Tafla 8. Hvaða þjónustu eða afþreyingu hafa eða ætla ferðamenn að nota. Greint niður í kyn og aldur. Tölur tákna fjölda einstaklinga.

		Kyn		Aldurshópur					
		kk	kvk	<25	26-35	36-45	46-55	56-65	66>
Íslendingar	Hestaferðir	0	0	0	0	0	0	0	0
	Fuglaskoðun	3	2	0	1	1	1	1	1
	Sund	15	14	1	4	9	11	3	1
	Veiði	2	1	0	1	1	1	0	0
	Golf	1	0	0	0	1	0	0	0
	Bátsferð	11	5	0	4	3	7	2	0
	Söfn / sýningar	9	4	1	3	4	3	2	0
	Sjóstangveiði	1	2	0	1	2	0	0	0
	Kajak	1	1	0	0	1	1	0	0
	Stutt gönguferð 1d	6	5	0	1	3	4	2	1
	Matsölustaðir	17	11	1	6	6	11	3	1
	Sérvöruverslanir	5	1	0	1	4	0	1	0
	Matvöruverslanir	14	11	1	5	8	7	3	1
	Hjólreiðaferð	1	0	0	0	1	0	0	0
	Gönguferð 2d>	2	1	0	1	0	1	1	0
	Gönguferð með leiðsögn	0	0	0	0	0	0	0	0
	Annað	3	4	1	1	0	3	0	0
	Erlendir	Hestaferðir	8	8	2	3	6	5	0
Fuglaskoðun		31	25	7	17	11	11	7	3
Sund		20	24	5	14	13	9	1	2
Veiði		4	0	1	0	2	1	0	0
Golf		0	1	1	0	0	0	0	0
Bátsferð		26	24	4	9	13	12	8	3
Söfn / sýningar		27	21	5	12	10	12	7	1
Sjóstangveiði		3	2	0	1	1	2	1	0
Kajak		7	11	4	4	5	4	1	0
Stutt gönguferð 1d		29	38	13	22	14	10	6	1
Matsölustaðir		23	28	8	15	11	9	6	1
